



Framkvæmda- fréttir 30. tbl. /03



Hringvegur (1), brú yfir Jökulsá í Lóni. Í þessu blaði er auglýst útboð varnargarða neðan vegar. Mynd 19. júlí 2001.

Hringvegur, Vegaskarð - Langidalur

Í síðasta tölublaði Framkvæmdafrétta var auglýst útboð vegagerðar á Hringvegi (1) frá Vegaskarði í Langadal. Þetta er næstsíðasti malarvegakaflinn sem er boðinn út, á leiðinni frá Reykjavík norður um til Egilsstaða. Þá er aðeins eftir stuttur kafli um Arnórsstaðamúla við Gilsá í Jökuldal.

Núverandi vegur frá Vegaskarði í Langadal er burðarlítill malarvegur sem þolir illa núverandi umferð. Hann er lítið uppbyggður, með blindhæðum og kröppum beygjum á köflum og oft á tíðum snjóþungur. Veghalli er allt að 10-11% í brekkum. Vegurinn fer lægst í 440 m y.s. við Skarðsá austan Vegaskarðs og mest í 580 m y.s. tæpum 2 km vestan við Svartfell. Á veginum eru einbreiðar brýr yfir Skarðsá og Langadalsá en þær verða lagðar af og árnar settar í stálplöturæsi.

Nýr vegur er boðinn út í tveimur hlutum og er heimilt að bjóða í hvorn kafla fyrir sig eða báða saman. Samtals er um að ræða 12,1 km. Verki á að vera lokið í ágúst 2005.

Sjá kort og mynd í opnu þessa blaðs.

Auglýsingar útboða

Jökulsá í Lóni, varnargarðar neðan Hringvegar 03-097

Vegagerðin, Austurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í gerð 2.500 m langra varnargarða hjá Jökulsá í Lóni, neðan Hringvegar .

Helstu magnbólur eru:

Fyllingar í varnargarða 42.500 m³

Grjótvörn 11.900 m³

Verki skal að fullu lokið 1. júní 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Reyðarfirði og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 27. október 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 11. nóvember 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.


Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 30. tbl. 11. árg. nr. 352 27. okt. 2003

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Hringvegur (1). Vegaskarð í baksýn. Endurbygging þessa vegarkafli var boðin út með auglýsingu í síðasta tölublaði. Sjá kort hér að ofan og frétt á forsíðu.



Hringvegur (1). Brú á Gilsá í Jökuldal og vegur upp Arnórstaðamúla í baksýn. Þetta verður síðast malarvegakaflinn á leiðinni frá Akureyri til Egilsstaða þegar þau verk sem nú hafa verið boðin út eru fullgerð. Vegarkaflinn er 5,2 km.



Norðausturvegur, Breiðavík - Bangastaðir, 10. október 2003. Verktaki er Árni Helgason, Ólafsfirði. Verklök verða í september 2004. Þá verður komið bundið slitlag frá Húsavík, um Tjörnes og Öxarfjörð að Arnarstöðum. Mynd: Ólafur Þór Gunnarsson.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaáæildar. Þá er skammtstófun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, Vl:Vesturland, Vf:Vesfirðir, N.v: Norðurland vestra, N.ey: Norðurland eystra, Au:Austurland. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
03-090 Sl. Hringvegur (1), gatnamót við Skeiðaveg (30)	04
02-015 Sl. Hringvegur (1) við Hellu	04
01-017 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar	03
03-091 Sl. Laugarvatnsvegur (37) um Brúará	03
03-093 Vl. Grundartangavegur (506), Hringvegur - hafnarsvæði	03
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	03
03-084 Rn. Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	03
03-014 Rn. Hringvegur (1), vegamót við Nesbraut, hönnun	03
03-080 Au. Norðfjarðarvegur (92), hjáleið í Reyðarfirði, 2. áfangi	03
03-017 Au. Norðfjarðarvegur (92) um Hólmaháls	03
03-064 Au. Hringvegur (1), veggöng undir Almannaskarð	03
03-096 Sl. Markarfljót, varnargarðar neðan Hringvegur	03
03-095 Au. Mjóafjarðarvegur (953) um Klifbrekku	03
03-092 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirit	03
03-009 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	03
03-010 Rn. Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging 2. áfangi	03

Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
03-097 Au. Jökulsá í Lóni, varnargarðar neðan Hringvegur	27.10.03	11.11.03
03-074 Au. Hringvegur (1), Vegaskarð - Langidalur	20.10.03	04.11.03
03-081 Au. Hringvegur (1) um Össurá og Hlíðará í Lóni	20.10.03	04.11.03

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
03-075 Au. Norðausturvegur (85), Breknaheiði - Saurbæjará	06.10.03	21.10.03
03-094 Au. Hringvegur (1) um Kotá í Öræfum	22.09.03	07.10.03
03-048 Vf. Djúpvegur (61), Kamsnes - Álftafjarðarbotn	22.09.03	07.10.03
03-031 N.ey. Möðruvallavegur (813), Ólafsfjarðarvegur - Möðruvellir	08.09.03	23.09.03

Útboð á samningaborði, frh.	Auglýst:	Opnað:
03-049 Vf. Djúpvegur (61), Forvaði - Þorpar	08.09.03	23.09.03
03-089 N.ey. Vetrarþjónusta á Hringvegi (1) um Víkurskarð 2003-2008	25.08.03	09.09.03
03-088 N.ey. Vetrarþjónusta í Eyjafirði 2003- 2008	25.08.03	09.09.03

Niðurstöður útboða

Norðausturvegur (85), Breknaheiði-Saurbæjará

03-075


Tilboð opnuð 21. október 2003. Austurlandsumdæmi. Norðausturvegur (85) Breknaheiði-Saurbæjará í Bakka-firði á fjórum köflum með malaraslitlagi, samtals um 7 km. Verkið fellst í nýbyggingu vegar á 3,2 km og endurbyggingu núverandi vegar á um 3,8 km. Auk þess á að mölbera aðra kafla Norðausturvegar á um 22 km.

Helstu magntölur eru:

Stór stálplöturæsi	60 m
Fyllingar	80.000 m ³
Neðra burðarlag	40.000 m ³
Mölbúður	16.000 m ³

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. október 2004.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
10 Nóntindur ehf., Búðardal	114.373.000	137,3	45.837
9 Norðurtak ehf., Sauðárkróki	97.607.500	117,1	29.072
8 Klúftir ehf., Reykjavík	91.615.020	109,9	23.079
7 Landherji ehf., Garðabæ	89.787.825	107,7	21.252
6 Guðmundur S. Ólafsson, Núpi I, Kópaskeri	89.197.885	107,0	20.662
5 S.G. vélar ehf., Djúpavogi	85.947.400	103,1	17.412
--- Áætlaður verktakakostnaður	83.330.000	100,0	14.794
4 B.J. vinnuvélar ehf., Þórshöfn	78.514.744	94,2	9.979
3 Sandblástur ehf., Seyðisfirði	77.407.500	92,9	8.872
2 Héraðsverk ehf., Egilsstöðum	74.332.721	89,2	5.797
1 Hólsvélar ehf., Bolungarvík	68.535.890	82,2	0



Staða framkvæmda við Fáskrúðsfjarðargöng 21. október 2003. Samtals er búið að sprengja 1.315 m sem gerir 23%.